



## Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík sími 464-6100 nordurthing@nordurthing.is

SSNE - Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra  
Bt. Eyþór Björnsson  
Hafnarstræti 91  
600 Akureyri

Húsavík, 24. september 2020  
nr. erindis 202009087 BJB

Á 106. fundi sveitarstjórnar Norðurþings sem fram fór þann 22. september s.l., var tekið fyrir neðangreint erindi.

### Sóknaráætlun 2020-2024

Fyrir sveitarstjórn liggur sóknaráætlun SSNE 2020-2024. Sveitarstjórn hefur frest til að skila inn breytingartillögum á sóknaráætluninni til föstudagsins 25. september 2020.

Eftirfarandi var bókað:

*Silja Jóhannesdóttir vék af fundi undir þessum lið.*

*Til máls tóku: Helena, Bergur, Hafrún, Hjálmar, Kristján og Kolbrún Ada.*

*Helena leggur eftirfarandi til við endurskoðun sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2020-2024.*

*Lagt er til að markmiðum og áhersluatriðum í sóknaráætlun verði fækkað.*

*Heilbrigðisstofnun Norðurlands verði getið þar sem fjallað er um Sjúkrahúsið á Akureyri og að Heilbrigðisstofnun Norðurlands verði tilgreindur samstarfaðili varðandi nýsköpun í öldrunarþjónustu.*

*Eftirfarandi setning verði felld niður í kaflanum um nýsköpun og atvinnulíf: Hætta að gera sömu hlutina á tveimur stöðum.*

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.*

Ofangreind afgreiðsla sveitarstjórnar Norðurþings tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,  
f.h. sveitarstjórnar Norðurþings

Berglind Jóna Þorláksdóttir, Skrifstofu- og skjalastjóri